

hagsárið 1870—71, sem eru staðfest 28. f. m. Að öðru leyti, og sérstaklega að því er snertir útborgun launaviðbóta, skal vísað til tæðs bréfs, og því við bætt, að þér megið með næsta pósti búast við að fá vitneskju um, hvernig þetta mál fer.

1870.

2. júní.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um styrk til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.

3. júní.

Einsog drepíð er á í bræfi dómsmálastjórnarinnar 25. ágúst f. á.¹ hlutaðist stjórnarráðið til þess, að stungið var uppá því í frumvarpinu til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið 1870—71, að 500 rd. mætti verja til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum, og er þetta fê nú veitt með fjárhagslögum fyrir þetta fjárhagsár, sem konungur hefir samþykkt 28. f. m.

Um leið og þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjöríð það, og þess er getið, að stjórnarráðið í dag hefir boðið landfógetanum að láta þetta fê af hendi við yður, þá er þér heimtið það, mælumst vèr til þess, að þér gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf, samkvæmt tillögum yðar² í bræfi, dagsettu 15. júlím. f. á., og búumst vèr við að fá skýrslur frá yður um, hvað gjörzt hefir í þessu, þegar þar að kemur.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um skrásetning skipa.

3. júní.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 1. þ. m. sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, til hliðsjónar, er þér búið til aðalskipaskrána til bráðabirgða, svo sem þar var um getið, eptirrit af

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 815.

2) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 816.